

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarefni:</b>	Stjórnarskipti
<b>Dags.:</b>	11.6.2012
<b>Fundarmenn:</b>	Anna María Bjarnadóttir formaður, Sigurður M. Grétarsson meðstjórnandi, Gunnar Þór Jóhannesson varaformaður, Brynhildur Grímsdóttir gjaldkeri, Karen Jenný Heiðarsdóttir varamaður, Selma Guðmundsdóttir meðstjórnandi, , Sólveig B. Hlöðversdóttir ritari og Særún Sigurjónsdóttir meðstjórnandi. Nýir stjórnarmenn: Berglind Svavarsdóttir, Erna Arnarsdóttir og Hörður Sigurðsson.
<b>Fjarverandi:</b>	
<b>Ritað af:</b>	Sólveig B. Hlöðversdóttir og Erna M. Arnarsdóttir

## DAGSKRÁ

### 1. Fundur settur

Anna María setti fundinn kl. 19:40

### 2. Starfsreglur öryggisnefndar

Farið var yfir starfsreglurnar sem Sigurður formaður öryggisnefndar kynnti á aðalfundinum. Þær voru samþykktar með nokkrum breytingum varðandi útgjöld og skipan í nefndina.

### 3. Endurmat vorhátíðar

Selma var á vorhátíðinni allan tímann og sendi ábendingar til vorhátíðarnefndar um ýmis atriði sem betur mega fara s.s. varðandi þrengsli við grillið og að nýta megi svæðið við Hjallaskóla líka. Umræða var um að hafa þetta næst á laugardegi.

Brynhildur var líka á staðnum og fannst takast betur núna en í fyrra þegar vorhátíðin var í Hjalla. Börnunum þótti þó lítið um að vera, of fá leiktæki. Fleiri nefndarmeðlimir tóku einnig virkan þátt í deginum.

Fá skýrslu vorhátíðarnefndar og heyra hvaða athugasemdir og ábendingar þær koma með áður en tekin er ákvörðun hvernig vorhátíðin verður að ári.

Taka verður ákvörðun strax í haust, því að ef verður ákveðið að hafa hana á laugardegi og fá starfsfólk skólans með þá þarf skólastjóri að semja um það strax í haust.

### 4. Verkaskipting nýrrar stjórnar

Brynhildur tilbúin að vera gjaldkeri áfram. Erna verður ritari og Berglind til vara. Sigurður verður varaformaður. Berglind, Hörður og Selma verða meðstjórnendur.

### 5. Undirbúningur fyrir hauststarfið

- Vilji til að koma á öflugum foreldrasamstarfi. Umræður um þátttöku foreldra og hve lítil hún er í alla viðburði.
- Hvernig skal efla vitund foreldra og fá þá til að mæta á viðburði skólans? Betri kynning á félaginu og félagsmönnum – sem eru allir foreldrar barna við skólann.
- Eflum fréttu bréf- einfalt hnitmiðað
- Eineltismál má ræða og líðan barnanna okkar í skólanum-eru börnin að leggja sama skilning í einelti og við? Í tengslum við þetta var komið inn á umræðu um niðurstöðu

nemendakönnunar og líðan barnanna í skólanum. Niðurstöður hafa þó ekki verið kynntar.

- Rætt um að fá fund með Sigrúnu í haust og koma sterkar inn í eineltismál og taka fastar á þeim málum. Mikilvægt að nota könnun sem gerð var hjá nemendum þessu til stuðnings.
- Hvað er saman í sátt? Mikilvægt að kennarar fari yfir þetta á námsefniskynningu á haustin.
- Rætt um flutning barna milli Hjalla og Digraness. Mikilvægt að kennarar fái að fylgja þeim þar sem þetta er stórt skref og getur auðveldað þeim félagslíf og bætt líðan. Mótæli hafa verið hörð en ekki skilað því sem skyldi. Mikilvægt að stjórn foreldrafélags berjist fyrir þessu.
- Umræður um mikilvægi þess að nemendaráð og foreldrafélag hittist.

Ákveðið að bíða aðeins með frekari umræðu um þessi mál. Hugsa þetta í sumar og koma sterkt inn í þessa umræðu í haust á fyrsta fundi.

### Viðburðir vetrarins

Jólaviðburður skólans með laufabrauði, föndri, piparkökumálun. Einhverskonar „Jólaþjör“ Rætt um að setja dagsetningu á jólaþjör **24. nóv.** Finna þarf viðeigandi nafn á viðburðinn. Þarf að koma á framfæri að þó svo að dagur sem þessi sé settur á dagskrá frá kl. 11-15 þá þarf fólk ekki að vera allan tíman. Gaman að kíkja við mála nokkrar kökur og gleðjast með foreldrum.

Dagsetning fyrir fulltrúaráðsfund sem er fundur með bekkjarfulltrúum allra bekkja **13. september.** Haustfundur fulltrúaráðs. Senda þarf lista til ritara sem mun sjá um að koma þeim til kennara fyrir námskynningar.

Rætt um kynningar fyrir 5. og 8. bekk þar sem þau eru að færast til innan skólans. Mikilvægt að þetta eigi sér stað.

Vorfundur fulltrúaráðs **14. febrúar** fimmtudagur. Þjóða fólki að koma með tillögur að fundartímum. Fyrir eða eftir kvöldmat?

### Árshátíð

Tala við Margréti hvort að hún vilji samstarf við foreldrafélagið.

### Páskabingó

Páskabingó heppnaðist vel þetta árið og kom tillaga að næsta því **16. mars** 2013 sem er laugardagur.

Anna lætur Sigrúnu skólastjóra og húsvörðinn vita af þessum dagsetningum.

Dagsetningarnar eru:

- „Jólaþjör“ 24. nóvember 2012
- Fulltrúaráðsfundur 13. september 2012
- Seinni fulltrúaráðsfundur 14. febrúar 2013
- Páskabingó 16. mars 2013

Innkaup vegna 1. Bekkjar innkaupa

Foreldrafélag sér um þessi innkaup fyrir 1. bekk. Hvernig er undirbúningur fyrir þetta? Raða þarf saman í poka. Athuga hvort að ekki séu til svona talnagrindur sem þeir séu tilbúnir til að gefa skólanum fyrir börn í fyrsta bekk. Anna sendir póst á foreldra.

Fá tilboð í pakkann-Brynhildur gerir það í byrjun ágúst. Kalla þarf eftir lista frá kennurum um innkaup. Senda póst á Hildi kennara og Sigrúnu skólastjóra

Nefndir

Verða með svipuðu sniði og í fyrra. Gott að skipta sér niður á nefndir og dreifa þannig ábyrgð. Ræða þetta fyrir fulltrúaráðsfund og geta þannig kynnt hvernig þetta er.

### Val á umsjónarmönnum fyrir stig.

Hlutverk þeirra umsjónarmanna: kynning á fulltrúaráðsfundum á starfi bekkjarfulltrúa, yfirferð foreldrasáttmála og undirritun samnings. Fulltrúaráðsfundir eru fundir með bekkjarfulltrúum bekkja á hverju stigi fyrir sig.

**Yngsta stig:** Brynhildur og Siggi

**Mið stig:** Selma og Hörður

**Elsta stig:** Berglind og Erna .

### Önnur mál:

A) Eftirfylgni með stefnumótunardegi. Þessum upplýsingum þarf að koma á framfæri við alla. Tímaleysi skólastjórnenda virðast hamlá því að mál komist til framkvæmda. Mál sem upp kom á stefnumótunardegi.

B) Senda þarf út upplýsingar um það sem er að gerast í skólastarfinu reglulega.

C) Breytingar í starfsliði. Fram koma að einhverjar breytingar yrðu á starfsliði skólans. Fækkað verður í einn húsvörð. Athugasemd kom fram þess efnis að áfram væri mikilvægt að skólinn komi þó til með að opna á sama tíma (7:30) næsta vetur þrátt fyrir þessar breytingar.

D) Umræður um sameiningaráhrif. Eru komnar niðurstöður úr þessu. Áhugavert að sjá rekstrartölur svart á hvítu. Hér með kallað eftir þeim upplýsingum.

E) Stefnumótunarfundur og sú vinna fer í bækling og gefin út í haust. Þetta hefur nú þegar verið tekið saman nú þegar og liggur klárt til dreifingar.

F) Einstaklingsmiðnám er það að skila sér til nemenda? Nokkrar umræður um að þar væri hægt að gera betur.

G) **Heimasíða foreldrafélagsins** Hver vill taka það? Formaður ætti að fá mentoraðgang. Þessi aðgangsbeyðni fer í gegnum skrifstofu skólans. Sólveig sagðist vera tilbúin að að sjá um að setja efni inn á hana ef enginn annar fengist til þess.

**H) Fundargerðir: Mikilvægt að allir tileinki sér yfirlestur fundargerða svo hægt verði að birta þær á netinu.**

### 6. Fundi slitið

Anna María sleit fundi kl. 22:30

Fundargerð rituðu: Sólveig B. Hlöðversdóttir, fráfarandi ritari og  
Erna Arnarsdóttir, ritari nýrrar stjórnar

## VERKEFNI

Nr.	Heiti	Lýsing	Ábyrgð	Stofnað	Lok
1.	Námskynningar	Senda þarf lista til ritara sem mun koma honum áfram til kennara fyrir námsefniskynningar	Anna		
2.	Samtarf við félagsmiðstöð	Ræða þarf við Möggu í félagsmiðstöðinni hvort áhugi sé á samstarfi við foreldrafélag varðandi árshátíð			
3.	Panta húsnæði	Dagsetningar viðburða næsta vetrar. Láta þarf Sigrúnu skólastjóra og húsvörð vita af dagsetningum viðburða.	Anna		
4.	Mentoraðgangur formanns	Sækja þarf um aðgang að mentor fyrir formann. Þetta fer í gegnum skrifstofu skólans	Anna		
5.	Auglýsa eftir talnagrindum	Auglýsa þarf eftir talnagrindum hjá foreldrum til þess að gefa skólanum fyrir börn í fyrsta bekk. Senda póst á foreldra.	Anna		
6.	Innkaup fyrir fyrsta bekk	Leita eftir tilboðum í það sem þarf að kaupa inn fyrir fyrsta bekk. Kalla þarf eftir lista frá kennurum.	Brynhildur		